



SAMBAND ÍSLENSKRA KAUPSKIPAÚTGERÐA

ICELANDIC SHIPOWNERS' ASSOCIATION

Iðnaðarnefnd Alþingis
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. Þ 127/1174
komudagur 12.3.2002

Reykjavík, 11. mars 2002.

TILLAGA TIL ÞINGSÁLYKTUNAR UM
ENDURREISN ÍSLENSKS SKIPAIÐNAÐAR.
UMSÖGN SAMBANDS ÍSLENSKRA KAUPSKIPAÚTGERÐA.

Samband íslenskra kaupskipaútgerða, SÍK, þakkar bréf iðnaðarnefndar Alþingis dags 19. febrúar s.l. þar sem óskað er umsagnar SÍK um ofangreinda tillögu til þingsályktunar.

Samband íslenskra kaupskipaútgerða lýsir áhyggjum sínum vegna hægfara hnignunar og samdráttar íslensks málmiðnaðar og skipaiðnaðar hin síðari ár. Kaupskipaútgerðir hafa um langt árabíl nýtt sér þjónustu innlendra fyrirtækja í iðnaði vegna viðhalds á skipum og búnaði þeirra. Þá hefur mikil aukning í þjónustu tengdri kaupskipaútgerð kallað á aukin viðskipti við fyrirtæki á sviði málmiðnaðar. Það er íslenskum kaupskipaútgerðum mikilvægt að geta nýtt þann tíma, þegar skip þeirra stöðvast í höfnum hérlandis vegna vöruafgreiðslu, til ýmissa viðhaldsverka. Þessi viðhaldsverk eru mörg hver mjög sérhæfð og krefjast víðtækrar sérfræðipækkingar auk skipulagðra og vandaðra vinnubragða. Þróun síðustu ára í málmiðnaði hefur leitt til fækkunar þeirra fyrirtækja og einstaklinga sem fullnægja framangreindum skilyrðum.

Samband íslenskra kaupskipaútgerða telur mikilvægt og brýnt að hugað verði að aðgerðum er leitt geti til vænlegri stöðu íslensks málm- og skipaiðnaðar. Sambandi íslenskra kaupskipaútgerða er kunnugt um að unnið sé að því að jafna samkeppnisstöðu íslensks skipaiðnaðar gagnvart erlendum samkeppnisaðilum og styður því fram komna tillögu til þingsályktunar um aðgerðir til endurreisnar íslenskum skipaiðnaði.

Virðingarfyllst

Samband íslenskra kaupskipaútgerða

Ólafur J. Briem

Ólafur J. Briem